

Kennaralaun og skólastarf í innlendu og alþjóðlegu samhengi

4. þing Kennarasambands Íslands
9. til 11. apríl 2008
Grand Hótel Reykjavík

Fundastjóradagskrá

Miðvikudagur 9. apríl

- Kl. 14.00 Lúðrasveit verkalýðsins leikur nokkur lög
- Kl. 14:30 Setning (Eiríkur Jónsson ca 25 mín)
Ávörp gesta (Halldór Halldórsson formaður Sambands ísl. sveitarf. 10 mín)
(Halldóra Friðjónsdóttir formaður BHM ca. 5 mín)
(Ögmundur Jónasson formaður BSRB ca. 5 mín)
(Svanhildur Kaaber formaður afmælisn. KHÍ – KÍ ca. 5 mín)
(Lillemor Darinder framkvæmdastjóri NLS ca. 10 mín)
Thulas Nxesi, forseti Education International, alþjóðasamtaka kennara, ávarpar þingið (ca 30 mín)
- Kl. 16:00 Kaffihlé
- Kl. 16:30 Kynning á launakönnun Capasent

Kosning þingforseta og ritara (**Sjá nafnalista yfir starfsmenn þingsins**)
Eiríkur lagði til að Gunlaugur Ástgeirsson FF væri 1. þingforseti, samþykkt og tók hann við fundarstjórn. 2. þingforseti var valin Björk Óttarsdóttir FL og 3. þingforseti Ólafur Lárusson FG. Samþykkt með lófataki. Þingritarar voru tilnefndir Helga Sighvatsdóttir FT og Unnar Þór Böðvarsson SÍ. Samþykkt með lófataki. Til vara voru tilnefndir sem þingritarar: Emil Ingi Emilsson FF og Brynja Áslaug Sigurðardóttir FG. Samþykkt með lófataki.

Kynning dagskrár

Gunnlaugur Ástgeirsson 1. þingforseti kynnti dagskrá og tilkynnti að skráningu í málstofur lyki í kvöld. Hann gerði grein fyrir nefndarstörfum, að efsti maður á lista væri formaður og sá/sú númer tvö, ritari. Nefndir eru að öðru leyti opnar en

pláss takmarkað. Hann benti fólki jafnframt á að skrá sig úr boði á fimmtudagskvöldið ef það ætlar ekki að vera með til að koma í veg fyrir óþarfa eyðslu.

Skýrsla stjórnar KÍ

Eiríkur Jónsson lagði fram skýrslu stjórnar og ræddi nokkur atriði. Hann benti á að ýmsar breytingatillögur sem kæmu fram á þinginu væru byggðar á könnun Capacent á starfsemi KÍ samkvæmt samþykkt 3. þings Kennarasambands Íslands. Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar og henni var því lokað.

Hannes Þorsteinsson KÍ kynnti Ársreikning félagssjóðs KÍ 2007. Málum vísað til fjárhagsnefndar.

Fylgiskjöl:

1. Kennarasamband Íslands, félagssjóður, Ársreikningur 2007
2. Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2007.

Valgeir Gestsson kynnti Ársreikning Orlofssjóðs 2007. Málum vísað til Orlofsnefndar.

Guðni Óskarsson kynnti Ársreikning Vinnudeilusjóðs 2007. Málum vísað til Fjárhagsnefndar.

Kristín Stefánsdóttir kynnti Ársreikning Sjúkrasjóðs 2007. Málum vísað til Fjárhagsnefndar.

Fylgiskjal: Ársreikningur Orlofssjóðs 2007, Ársreikningur Sjúkrasjóðs 2007, Ársreikningur Vinnudeilusjóðs 2007.

Gísli Magnússon kynnti tillögur uppstillinganefndar.

Fylgiskjal 3 – 1.1

Gunnlaugur ítrekaði framboðsfresti í stjórnir og tíma kosninga.

Framboðsfestir: Formenn nefnda kl 19 í kvöld (kosning á fimmtudagsmorgun)
Aðalmenn kl 12.30 á morgun (kosið kl 14.45 á morgun)
Varamenn kl 19 á morgun (kosið kl 9 á föstudag)

Björk Óttarsdóttur tók við stjórn fundarins.

Kynning málaflokka, nýjar tillögur, breytingatillögur og málum vísað í nefndir. Formenn og ritarar nefnda voru boðaðir á sérstakan fund kl 19.45 í þingsalnum til að kynna reglur um skil. Einnig var kynnt hvar nefndir starfa og tímamma nefndarvinnu.

- a) Skólamál. Elna Katrín Jónsdóttir talaði fyrir þingskjölum 5 – 1.1
Tillaga að skólastefnu og 5 – 2.1 Skólamálaályktun. Vísað til
Skólamálanefndar.
- b) Laganefnd. Eiríkur Jónsson talaði fyrir þingskjali 1 – 1.1
Lagabreytingatillögur og greinargerð með þeim. Umræða: Fulltrúar nr.
61 og 83 báðu um orðið eftir mat. Umræðu frestað fram yfir kvöldmat.
Fulltrúi nr. 61 kom með breytingartillögu við 17. grein. Vísað til
Laganefndar. Fulltrúi nr. 83 kom með breytingartillögu við 13. grein.
Vísað til Laganefndar.
- c) Fjárhagsnefnd. Eiríkur Jónsson talaði fyrir þingskjölum nr. 2 – 1.1
Tillaga um félagsgjald og 2 – 2.1 Tillaga um gjald í Vinnudeilusjóð. Vísað
til Fjárhagsnefndar. Þingskjali 2 – 3.1 Tillaga um verklagsreglur fyrir
skoðunarmenn reikninga. Vísað til Fjárhagsnefndar. Þingskjali 2 – 6.1
Tillaga um félagsgjald í launalausum leyfi. Vísað til Fjárhagsnefndar.
Guðni Óskarsson talaði fyrir þingskjali nr. 2 – 4.1 Tillaga frá stjórn
vinnudeilusjóðs um lækkingu iðgjalds í sjóðinn. Fulltrúi nr. 18 mótmælir
lækkingu gjalds í vinnudeilusjóðs. Vísað til Fjárhagsnefndar með
athugasemd.
- Hannes Þorsteinsson talaði fyrir þingskjali nr. 2 – 5.1 Fjárhagsáætlun.
Opnað fyrir umræðu. Fulltrúi nr. 52 kom með vangaveltur um greiðslu til
félagsins.
- d) Launa- og kjaramál. Eiríkur Jónsson talaði fyrir þingskjali nr. 4 – 1.1
Tillaga að kjarastefnu KÍ 2008 – 2011 og 4 – 2.1 Ályktun um kjaramál og
4 – 3.1 Ályktun um velferðar- og samfélagsmál. Þingskjali 4 – 4.1 Tillaga
frá FG vegna tvísköttunar á greiðslur úr vinnudeilusjóði, vísað til Launa –
og kjaranefndar. Umræða: Fulltrúi nr. 18, tillaga að laun kennara fylgi
þingfararlaunum. Fulltrúi nr. 30 benti á starfsreynslu af vinnumarkaði.
Þingskjali 4 – 2.1. vísað til launa- og kjaranefndar. Þingskj. 4 – 3.1,
Fulltrúi nr. 79 telur óþarfa að álykta um hluti sem snerta ekki kennslu
faglega. Fulltrúi nr. 52 telur þau mál sem tilheyra samfélaginu í heild
tengjast okkur líka. Eðlilegt að álykta um stóriðjumál og nátturuverð, en
telur óþarft að taka upp málefni stjórnsmálflokka.
Fulltrúi nr. 1 skýrði tilurð tillögunnar þar sem oft sé leitað til forystu
samtakanna um afstöðu stéttarinnar. Oft tengist þetta starfsumhverfi okkar.
Fulltrúi nr. 45 telur síðustu greinina í skjali 4 – 3.1 segja allt sem segja
þarf. Vísað til Launa- og kjaranefndar.
- Daníel Freyr Jónsson talaði fyrir þingskjali nr. 7.4 – 1.1 Tillaga um að
styrkja útgáfu tímaritsins Uppeldi og menntun. Fulltrúi nr. 18 tjáði sig um
málið. Fulltrúi nr. 80 tjáði sig um málið.

- e) Útgáfumál. Ólafur Loftsson talaði fyrir þingskjali 6.6 – 1.1 Tillaga um útgáfu og kynningamál. Nr. 18 tók til máls. Vill öfluga útgáfu, bæði prentað og á neti. Vísað til Útgáfu- og kynningamálanefnd.
- f) Orlofs- og ferðamál. Valgeir Gestsson talaði fyrir þingskjölum nr. 6.2 – 2.1 Tillaga um orlofshús og ferðamál og 6.2 – 1.1 Fjárhagsáætlun Orlofssjóðs 2008 – 2011. Fulltrúi nr. 18 fer fram á að útlit húsa sé fallett og valin sé íslensk hönnun. Fulltrúi nr. 24 óskar upplýsinga um hvort kennarar borgi meira fyrir orlofshús en félagsmenn annarra stéttarféлага. Valgeir Gestsson veitti andsvar, samanburður á 10 stærstu stéttarfélogum sýndi að leiga hjá KÍ var 100 kr. dýrari enn annarra féлага. Tillögum vísað til Orlofs- og Ferðanefndar ásamt breytingartillögu frá Olofssjóði. Breytingartillögunni vísað til Kjaramálanefndar.
- g) Fræðslu- og félagsmál. Elna Katrín Jónsdóttir talaði fyrir þingskjölum 6 – 1.1 Tillaga um mótun þjónustustefnu og 6.3 – 2.1 Tillaga um ráðningu hagfræðings. Vísað í Fræðslu- og félagsmálanefnd. Elma Katrín talaði fyrir þingskjali 6.1 – 1.1 Tillaga um eflingu samstarfs aðildarféлага. Vísað í Fræðslu- og félagsmálanefnd. Eiríkur Jónsson talaði fyrir þingskjölum 6 – 2.1 Tillaga um húsnæðismál, 6.1 – 2.1 Tillaga um nýtt aðildarfélag og þingskjal 6.2 – 3.1 Tillaga um framtíðarfyrirkomulag fæðigarstyrkja. Vísað til Fræðslu- og félagsmálanefndar. Jóhannes Þór Skúlason talaði fyrir þingsjali nr. 6.5 – 1.1 Tillaga frá FG um umbun til trúnaðarmanna. Þorgerður Diðriksdóttir talaði fyrir þingskjali nr. 6.5 – 2.1 Tillaga frá FG um félagsmálafræðslu. Vísað til Fræðslu- og félagsmálanefndar.
- h) Allsherjarnefnd. Elna Katrín Jónsdóttir talaði fyrir þingskjali 6.4 – 1.1 Tillaga um siðareglur/siðanefnd. Umræða: Fulltrúi nr.13 leggur til að tillaga um siðanefnd verði hafnað. Nr. 18 tók talaði með virkri siðanefnd eða engri. Vísað til Allsherjarnefndar.
- Björg Bjarnadóttir talaði fyrir þingskjölum nr. 6.3 – 1.1 Tillaga um stuðning við þróunarstarf. Þingskjal nr. 7.2 – 1.1 Tillaga um samstarf við vinnuveitendur/stjórnvöld. Nr. 7.5. – 1.1 Tillaga um áframhaldandi þáttöku í erlendu samstarfi.
- Gubjörg Ragnarsdóttir talaði fyrir þingskjali nr. 6.3 – 3.1 Tillaga frá FG um styrki til Krabbameinsleitar. Vísað til Allsherjarnefndar.
- i) Jafnréttisnefnd. Aðalheiður Steingrimsdóttir talaði fyrir þingskjölum nr. 6.7 - 1.1 Tillaga um jafnréttisstefnu og nr. 6.7 - 2.1 Tillaga um jafnréttisnefnd.
- j) Vinnuumhverfisnefnd. Aðalheiður Steingrimsdóttir talaði fyrir þingskjölum nr. 6.7 – 3.1 Tillaga um stefnumörkun KÍ í vinnuumhverfismálum. Nr. 6.7.- 4.1 Tillaga um Vinnuumhverfisnefnd KÍ. Þingskjal nr. 7.1 -2.1 Tillaga um samstarf við önnur samtök opinberra

starfsmanna um vinnuumhverfismál. Þingskjal nr. 7.2 – 2.1 Tillaga um samstarf við stjórnvöld og vinnuveitendur um vinnuumhverfismál. Vísað til Vinnuumhverfisnefndar.

Framlagningu þingskjala var lokið kl. 21:20.

Kl. 19.00 Léttur kvöldverður

Kosning nefndarformanna frestað.

Kynning málaflokka frh. – Nefndarstörf

Nefndir með 10. fulltrúa í hverri nefnd

- | | |
|-----------------------|-----------------------------------|
| a) Laganefnd | f) Orlofs- og ferðamál |
| b) Fjárhagsnefnd | g) Fræðslu- og félagsmál |
| c) Launa- og kjaramál | h) Allsherjarnefnd |
| d) Skólamál | i) Jafnréttisnefnd |
| e) Útáfumál | j) Tillögur Vinnuumhverfisnefndar |

Þingi frestað kl. 21:20. Nefndir ákveða sjálfar hve lengi þær starfa um kvöldið

Fimmtudagur 10. apríl

Kl. 9:00 Ávarp menntamálaráðherra: Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur (**Þingforseti sem verður við stjórn þings kynnir ráðherra og þakkar**)

Kl. 9:30 **Kennaralaun og skólastarf í innlendu og alþjóðlegu samhengi**

Porvaldur Gylfason prófessor: (**Þingforseti kynnir**)

Fyrirlestur fyrir alla þingfulltrúa um alþjóðlegan samanburð á launum og kaupmætti ásamt umfjöllun um gildi menntunar, kosti og galla mismunandi rekstarforms skóla ofl. (getur tekið breytingum).

***Þingforseti kynnir fyrirkomulag málstofuvinnu og hvar þær verða og bendir nefndum jafnframt á að þær geta starfað áfram á meðan málstofur verða ef þær telja það nauðsynlegt vegna tímaramma.**

***Leggja áherslu á að öllu nefndarstarfi á að vera lokið fyrir kl 14.45 þennan dag.**

Kl. 10:30 Kaffihlé

Kl. 10:45 Nefndarstörf, framhald / Málstofur

Nefndir með 10 fulltrúa í hverri nefnd

***Valfrjálst fyrir þær nefndir sem vilja nema 5,8 og 9**

Málstofur fyrir 30 til 45 manns í hverri um ýmis efni

Kl. 12:15 Hádegishlé

Kl. 13:15 Nefndarstörf framhald

Kl. 15:15 Gengið til dagskrár á ný.

Gunnlaugur kynnti dagskrá

1. Kosningar aðalmanna í nefndir
 2. Lagabreytingar (framsaga, umræður og afgreiðsla)
 3. Afgreiðsla reikninga
- Áréttaði að þeir einir kjósi sem hafi kosningarétt.

1. Kosningar í nefndir. Þingskjal 3 – 1.1

Aðalmenn voru sjálfkjörnir í Kjörstjórn, Stjórn sjúkrasjóðs, Uppstillingarnefnd, Skoðunarmenn reikninga, sbr. tillögu Uppstillingarnefndar. Formaður Stjórnar orlofssjóðs var sjálfkjörinn og formaður stjórnar vinnudeilusjóðs einnig. Kosið var um aðalmenn í Orlofssjóð. Einnig kosið um aðalmenn í Vinnudeilusjóð.

2. Lagabreytingar.

Magnús J. Magnússon lagði fram þingskjal 1. – 1.1. Kynnti breytingar á greinum. Víða samræmd smáatriði. - Breytingar gerðar á 13. grein og 17. grein.

Umræður:

Ein breyting kynnt frá Jafnréttisnefnd – Valgerður Eiríksdóttir. Þingskjal 1 – 2.1.

Fulltrúi nr. 133: Breytingartillaga við grein nr. 20 í skjali 1 – 1.1.

Orðalagsbreyting.

Fulltr. Nr. 22 – ábending um kosningu öryggistrúnaðarmanna.

Fulltr. Nr. 124 – formaður Orlofssjóðs. 2.3 um reglur um Orlofssjóð: Gerði athugasemd við að stjórn KÍ þyrfti að staðfesta úthlutunarreglur Orlofssjóðs.

Fulltr. Nr. 45 – tjáði sig

Fulltr. Nr. 83 – tjáði sig um grein um öryggistrúnaðarmenn og hvers vegna þessi grein er inni.

Fulltr. Nr. 206 – skýrði grein um öryggistrúnaðarmenn.

Fulltr. Nr. 1 – andvígur breytingu á 20. grein. Kynnti forsendur fyrir grein 2.3, leggur til að greinin standi óbreytt.

Fulltr. Nr. 194 – Hlynnt staðfest. stjórnar 1 – 2.1 Breytingartillaga.

Fulltr. Nr. 13 – Um 17. gr. Vill greinina óbreyttal, ekki takmarka tímallengd fyrir setu formanns.

Fulltr. Nr. 79 – Þingskjal 1 – 2.1. Hlynntur jöfnun kynja í nefndir.

Breytingartillaga: Heiti laganna og númer. Óskar skýringa.

Fulltr. Nr. Björk Óttarsd. Nr. ___ - Vill ekki tímamörk á formannskjör.
Fulltr. Nr. 1 – Skýrði vinnulag við skipan í vinnunefndir.
Fulltr. Nr. 43 – Vill að KÍ sýni fordæmi í jafnréttismálum.
Fulltr. Nr. 206 – Þótti KÍ hafa sinnt jafnréttismálum vel. Vill ekki tímamörk á formannskjör.
Fulltr. Nr. 72 – Breytingartillaga við 1 – 2.1.
Fulltr. Nr. 127 – Grein nr. 17. Formannsskiptin. Ekki hlynnt tímamörkum.
Fulltr. Nr. 79 – Leggur til að tillaga Hjálmars verði vísað frá.

Gengið til afgreiðslu á lagabreytingartillögum.

Þingskjal 1 – 1.1

Breytingartillögur um að skammstafanir verði lagfærðar. 1. grein, samþykkt með öllum atvæðum.

2. grein samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. grein

a) um stéttarfélög og vinnudeilur – samþykkt

b) um starfhlutfall – samþykkt með þorra greiddra atkvæða – gegn 5

c) um kennara í fæðingarorlofi – samþykkt

4. grein Heimild til félagsaðildar

a) þeir sem eru í launalausum leyfi – samþykkt

b) seinni grein – samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

5. grein – samþykkt

6. grein – samþykkt samhljóða

b) önnur grein – samþykkt samhljóða

9. grein – samþykkt samhljóða

10. grein – samþykkt samhljóða

Fyrirsögn milli 11. og 12. geinar – samþykkt - 2 á móti

12. grein – samþykkt – 1 á móti

13. grein – samþykkt með áorðnum breytingum.

14. grein – samþykkt – 4 á móti

Lokagrein falli út – samþykkt

16. grein – a.m.k. – samþykkt

17. grein – Breytingartillaga um setu formanns. – Tillagan felld með þorra atkvæða gegn 21.

Kjörtímabil milli þinga - samþykkt

3. efnisgrein – fjöldi félagsmanna á bak við hvern fulltrúa - samþykkt

18. grein – Uppstilligarnefnd – samþykkt – 5 á móti.

Breytingartillaga við þingskjal 1 – 2.1. frá jafnréttisnefnd – Felld.

Þingskjal 1 – 2.1 – Samþykkt

20. grein – Breytingartillaga – Fellt - Þorri atkvæða á móti – gegn 9
20. grein – samþykkt – 4 á móti
21. grein – samþykkt – 3 á móti
22. grein – Fyrsta málsgrein - samþykkt
Stjórn KÍ setur reglur ... – samþykkt
2. málsgrein – samþykkt
3. og 4. málsgrein – samþykkt
25. grein – samþykkt – 2 á móti
26. grein – samþykkt
27. grein – samþykkt
28. grein – töluliður 5 – samþykkt – 1 á móti
30. grein – samþykkt
32. grein – samþykkt
Lögin borin upp í heild með áorðnum breytingum – samþykkt – 2 á móti

Reglur um vinnudeilusjóð

2. grein - samþykkt – 3 á móti
4. grein – samþykkt – 12 á móti
Reglur um vinnudeilusjóð borið upp í heild – samþykkt – 2 á móti.

Reglur fyrir Orlofssjóð

2. grein, 3. liður – samþykkt.
4. grein – samþykkt – 14 á móti
Reglur fyrir Orlofssjóð bornar upp í heil – samþykkt – 3 á móti.

Reglur fyrir Sjúkrasjóð

2. grein – samþykkt
4. grein – samþykkt – 11 á móti.
Reglur fyrir Sjúkrasjóð bornar upp í heild – samþykkt

Niðurstöður úr kosningum aðalmanna í stjórn Orlofssjóðs og í stjórn
Vinnudeilusjóðs.

210 á kjörskrá
170 greiddu atkvæði
2 seðlar auðir.

Orlofssjóður: Greidd voru 165 gild atkvæði.

Þau fellu þannig:

Inga Líndal Finnbogadóttir FL, nr. 147
Gunnlaugur Ástgeirsson FF, nr. 136
Guðmundur B. Gylfason. FG, nr. 100
Ásdís Ólafsdóttir FG, nr. 98
Elís Þór Sigurðsson FG, nr. 97
Reynir Daníel Gunnarsson SÍ, nr. 96

Aðrir fengu færri atkvæði.
Skoðast þessir því rétt kjörnir.

Vinnudeilusjóður: Greidd voru 167 atkvæði.
Þau féllu þannig:
Elín Mjöll Jónasdóttir FL, nr. 160
Ingibergur Elíasson FF, nr. 150
Brynja Dagmar Matthíasdóttir FG, nr. 142
Guðjón Steinar Þorláksson FT, nr. 122
Skoðast þessir því rétt kjörnir.

Launa og kjaramálanefnd:
Marta Dögg Sigurðardóttir talaði fyrir:
4 – 1.2 Tillaga að kjarastefnu KÍ 2008 - 2011
4 – 2.2 Ályktun um kjaramál
- Markviss vinna við samningaborðið
- Metum kennarastarfið að verðleikum
- Mennt er máttur
- Okurvextir og greiðsluferfiðleikar
- Stöndum vörð um kaupmáttinn
4 – 3.2 Ályktun um velferðar- og samfélagsmál
4 – 4.1 Óbreytt
4 – 5.1 Ályktun um eftirlaun kennara

Elfa Lilja Gísladóttir, nr. 188 talaði fyrir:
4 – 6.1 Tillaga um niðurgreiðslu á líkamsrækt
4 – 7.1 Ályktun um niðurgreiðslu á líkamsrækt
Vísar til Sjúkrasjóðs og stjórnar KÍ. – Rætt í fræðslunefnd.
Umræða:
Eiríkur Jónsson – styður skjölin með örlitlum undantekningum.

Jafnrétti til náms – er þetta ályktun um kjaramál? – vísa til Velferðar- og samfélagsmála. Styður að hvetja vinnuveitendur til að greiða niður styrk til líkamsræktar – efins um að sjúkrasjóður réði við að taka við auknum útgjöldum. Fulltr. nr. 79 – Skjal 4 – 2.2. Sammála um að ekki sé um kjaramál að ræða. Fulltr. nr. 173 – Skjal 4 – 3.1. Misskipting auðsins – fagnar breytingu á þingskjali – mildar orðalag. Tillaga um líkamsrækt: Hlynnt fyrirbyggjandi aðgerðum. Fulltr. nr. 45 – Á móti tillögu um sjúkrasjóð – Hvetja KÍ til að hvetja vinnuveitendur.

Fulltr nr. 141 – Um mannauðinn 4 – 3.1. Leggur til að kaflinn Jafnrétti til máls flytjist inn á Velferðar- og samfélagsmál.

Fulltr. nr. 134 – Athugasemd við 4 – 3.1. Réttindamál. Að fyrirbyggja kynbundinn og aldursbundinn launamun.

Breytingartillögur:

Breytingartillaga við 4 – 1.2 – síðasti liður – kynbundinn og aldursbundinn launamun. – Með: 49 atkvæði – á móti: 78 atkvæði - Fellt

Þingskjal 4 – 1.2 – samþykkt – 11 á móti

Þingskjal 4 – 2.2 – Breytingartillaga um að grein um Jafnrétti til náms sé felld úr – Felld með þorra greiddra atkvæða

Þingskjal 4 – 2.2 – Breytingartillaga um að flytja kaflann um Jafnrétti til náms í skjal 4 – 3.2 – Samþykkt – 1 á móti.

Þingskjal 4- 2.2 – Borið upp með áorðnum breytingum – samþykkt – 2 á móti.

Þingskjal 4 – 3.2 – með áorðnum breytingum - viðbót um jafnrétti til náms (úr 4 – 2.2). – samþykkt – 4 á móti.

Þingskjal 4 – 4.1 – samþykkt.

Þingskjal 4 – 5.1 – samþykkt.

Þingskjal 4 – 6.1 – samþykkt – 5 á móti

Þingskjal 4 – 7.1 – Fellt með þorra greiddra atkvæða gegn 15.

Jóhannes Þór Skúlason mælti fyrir:

Þingskjali 5 – 1.1 Óbreytt úr nefnd

Þingskjal 5 – 2.2 – Tillaga að skólamálaályktun - Orðalagsbreytingar

Þingskjal 5 – 3.1 – Ályktun um náms- og starfsráðgjafa

Engin umræða - Borið undir atkvæði

Þingskj. 5 – 1.1. – samþykkt

Þingskj. 5 – 2.2 – samþykkt – 2 á móti

Þingskj. 5 – 3.1 – samþykkt – 4 á móti

Gísli Þór Sigurþórsson gerði grein fyrir þingskjölum:

6.6 – 1.2 Tillaga um útgáfu og kynningarmál - Breytt orðalag

7.4 – 1.1. Leggur til að vísa frá, í staðinn komi

7.4 – 2.1 Tillaga til HÍ um útgáfu tímarits ... og
6.6 – 2.1 Tillaga um stofnun sjóðs vegna útgáfu ...
Umræða engin.
Þingskjöl borin undir atkvæði.
6.6 – 1.2 – samþykkt – 1 á móti
6.6 – 2.1 – samþykkt – 5 á móti
7.4 – 2.1 – samþykkt

Orlofs- og ferðamálanefnd – Hjálmar Jóhannesson gerði grein fyrir þingskjöllum.

6.2 – 2.2 Tillaga um orlofshús og orlofsferðir. – Ýmsar breytingar á texta

6.2 – 1.1 Fjárhagsáætlun ..

6.4 – 3.1 Tillaga um stofnun nefndar til að endurskoða rekstur Orlofssjóðs

Umræða:

Fulltr. nr. 1 – Varðandi 6.2 – 2.2 Í tillögum ParX að gerðir verði

þjónustusamningar við starfsmenn þar sem þeir eru ráðnir til KÍ. Vanti Orlofssjóð fleiri starfsmenn verði fjölgað, en tryggt sé að allir sjóðir hafi aðgang að starfsmönnum.

Skilur ekki 6.1 – 3.1.

Fulltr. nr. 108 – Fyrirspurn um 6.2 – 1.1. Skrifstofukostn.... 19.150.000 í ársreikn.

Orlofssjóðs 7.3 millj. – Mismunur upp á 12 milljónir.

Fulltr. nr. 57 – Svar varðandi 6.2 – 1.1 í 19 millj. eru líka laun 9 millj. + 2 millj.

Varðandi 6.4 – 3.1 – spurning hvort ætti að gera orlofssjóð Ehf.

Fulltr. nr. 124 – Um 6.2 – 1.1. Útskírði reikninga - laun.

Fulltr. nr. 24 – Um 6.2 – 2.2 – Nefndin ákvaðaði um hvað félli út og hvað sæti eftir í skjali.

Fulltr.nr. 1 – um 6.2 – 2.2 – um stöðugildi í orlofssjóði.

Gengið til atkvæða um þingskjöl:

6.2 – 1.1 – samþykkt – 10 á móti.

6.2 – 2.2 – samþykkt – 7 á móti.

6.4 – 3.1 – samþykkt – 4 á móti.

Kl. 18:40 - Fundi frestað til kl. 9:00 föstud. 11. apríl.

Fræðslu og félagsmálnefnd.

Þorgerður L. Diðriksdóttir talaði fyrir þingskjöllum:

6 – 1.1 - óbreytt í gegnum nefndina

6 – 2.1 – óbreytt í gegnum nefndina

6.1 – 1.1 – óbreytt

6.1 – 2.1 – óbreytt

6.3 -2.1 – óbreytt, en mikið rætt

6.5 – 1.1 – bætt inn setningu í greinargerð

6.5 – 2.1 – nær óbreytt

7.6 – 1.1 –

Umræða:

Fulltr. nr. 173 – Um þingskjal 6.1 – 2.1 Tillaga um nýtt aðildarfélag. Stjórnendur í leikskólum. Ánægð með ályktun um vinnutíma barna.

Fulltr. nr. 1 – Um tillögu um umbun til trúnaðarmanna. Mikill fjöldi trúnaðarmanna, e.t.v. um 500 manns. Vera meðvitaðir um hvað það þýðir.

Ath. Samspil okkar og vinnuveitenda – leita leiða til að umbuna fólki.

Um ráðningu hagfræðings – Reynsla af sameiginlegum lögfræðingi góð.

Á fyrstu þremur mán. ársins hafa fallið fimm dómur – Í öllum dómunum hefur KÍ verið dæmdur málskostnaður frá vinnuveitendum. Það dugir þó ekki til að mæta þeim kostnaði sem af málarekstrinum hlýst. Engin ný mál inni núna. – Mál hafa verið leyst með samkomulagi.

Finnst eðlilegt að sameinast um ráðningu hagfræðings – sem besta þjónustu á sem bestu verði.

Fulltr. nr. 18 – Langur vinnutími barna – lögð hefur verið áhersla á bóklegt nám til þessa – vill leggja áherslu á list- og verknám í grunnskólum.

Ráðning hagfræðings – vill einhvern reynsluríkan í eldri kantinum.

Fulltr. nr.127 – Um umbun til trúnaðarmanna og félagsmálafræðslu.

Umbun – samþykkir orð Eiríks, en starf trúnaðarmanna hefur breyst – sérstaklega í framhaldsskólum – fjölpætt verkefni. Þróun sennilega svipuð í grunn- og leikskólum. Mikilvægt að fræðsla til þeirra sem veljast til trúnaðarmanna sé góð og hnitmiðuð. Umbun getur líka verið fólgin í því að hlúa vel að fræðslu til trúnaðarmanna. Ekki hrædd við kostnað vegna trúnaðarmanna – borgar sig til lengri tíma.

Fulltrúi nr. 13 – Langur starfstími barna. Telur heimavinnu ekki of mikla.

Sjálfsgagt að gera kröfu til vinnu barna – viljum líka að þau séu í tómsundum, tónlistarnámi og íþróttum. Góð samskipti foreldra og barna mikilvæg – felst í því hvernig við ræktum samband við börnin okkar og skipuleggjum þeirra og okkar frítíma og vinnutíma. Sagt til umhugsunar – ekki ýta ábyrgðinni til ráðherra.

Fulltr. nr. 72 – Fyrirspurn til leikskólaskólustjóra, því ekki að fara í Skólastórafélag Íslands.

Fulltr. nr. 140 – Um þingskjal 7.6 – 1.1. Leggur til að í stað “Menntamálaráðherra” komi “Umboðsmanns barna”.

Fulltr. nr. 52 – um stofnun nýs aðildarfélags. Telur sem grunnskólakennari ekki sniðugt að hafa stjórnendur í sér félagi. Tvö hlutverk félaga, faglegat og kjaralegt. Faglega sterkara að vera saman. – Kjaralega – frekar í stjórnendafélagi á vegum sveitarfélga.

Telur frekar að leggja ætti skólastjórafélag niður.

Fulltr. nr. 45 – Vill lækka félagsgjöld – allt kostar. Ekki bæta við fólki, því það er ekki bara stöðugildi sem bætist við, heldur líka húsrými.

Fulltr. nr. 173 – Telur ekki að viðbótar-stöðugildi sprengi húsnæði KÍ umfram það sem er. Telur ekki mögulegt að stjórnendur leikskóla geti gengið inn í skólastjórafélag grunnskólakennara. Annar fjötur væri ef sameiginlegt strjórrendafélag væri til staðar.

Telur mikilvægt að geta sótt ráð frá lögræðingi og hagfræðingi hjá KÍ.

Mikilvægur bakstuðningur. Sjálfsagt að gera þetta á sem hagkvæmastan hátt.

Fulltr. nr. 127 – Tekur undir tillögu um að vísa umræðu um langan vinnudag barna til Umboðsmanns barna.

Um heimanám – mikilvægt að allir sitji við sama borða hvað nám varðar – að allir hafi þann stuðning sem þarf til.

Fulltr. nr. 1 – Um nýtt aðildarfélag. Hlutir ekki bara svartir og hvítir. Ekki hægt að segja að það sé betra eða verra að vera í sér félagi. Gott við þetta þing – útilokað að sjá hver tilheyrir hvaða einingu – ekki skipað til svæðis mv. Félag. Tekur undir að félagar skapa sína stefnu. Telur slæmt að segja fyrirfram hvort þetta sé gott fyrir hvert félag fyrir sig. E.t.v. má samnýta starfsmenn ef stofnað ver nýtt félag innan KÍ. Mikilvægt að stéttir og hópar tali saman, ágreiningur er alltaf til staðar – fólk þarf að ræða sig í gegnum hlutina og komast að niðurstöðu.

Gengið til atkvæða um þingskjöl:

6 – 1.1 – samþykkt

6 – 2.1 – samþykkt

6.1 – 1.1 – samþykkt

6.1. – 1 – samþykkt – 3 á móti

6.3 – 2.1 – samþykkt – 2 á móti

6.5 – 1.2 – samþykkt – 2 á móti

6.5 – 2.1 – samþykkt

7.6 - 1.1 – Breytingartillaga um breytingu á orðalagi – vísa til Umboðsmanns barna í stað Menntamálaráðherra. – samþykkt – 2 á móti.

Samþykkt með áorðnum breytingum.

Allsherjarnefnd.

Lára Guðrún Agnarsdóttir talaði fyrir þingskjöllum:

6.2 – 3.1 Óbreytt út úr nefnd

6.3 – 1.1 Óbreytt

6.3 – 3.1 Óbreytt

6.4 – 1.1 Leggja til að þetta skjal verði felld út, en skjal

6.4. – 2.1 verði tekið inn í staðinn.

- 7.1 – 1.1 Leggur til að Tillögu verði breytt í ályktun
- 7.2 – 1.1 Leggur til að Tillögu verði breytt í ályktun.
- 7.5 – 1.1 Orðalagsbreyting.

Umræða:

Fulltr. nr. 18 Um alþjóðasamstarf - á að vera sterkt og öflugt. Erum rík þjóð – mikilvægt að standa með Evrópu og alþjóðasamtökum – styrkja og bæta – sýna í verki. Eigum að styðja kennara annarra landa í verkföllum. Höfum þegið styrk frá öðrum þegar við höfum farið í verkfall. Efla samstarf á erlendum vettvangi.

Fulltr. nr. 1 – Höfum t.d. stutt færeyinga

Fulltr. nr. 169 – Mælir með tillögu um siðaráð – góð lausn. Leggur til að hún sé samþykkt.

Gengið til atkvæða um þingskjöl:

- 6.2 – 3.1 – samþykkt
- 6.3 – 1.1 – samþykkt
- 6.3 – 3.1 – samþykkt
- 6.4 – 2.1 – samþykkt – 2 á móti
- 7.1 – 1.1 – samþykkt sem ályktun
- 7.5 – 1.1 – samþykkt með orðalagsbreytingu nefndarinnar.
- 7.2 – 1.1 – samþykkt

Kosning um stöðu varamanna í stjórnir

Í Orlofssjóð eru í framboði:

Anna Jóna Guðmundsd. FF

Dagbjört S. Hjaltadóttir FG

Eiríka Ólafsdóttir FG

Jónína Rós Guðmundsdóttir FF

Linda Traustadóttir FG

Sigurður Halldór Jesson FG

Jafnréttisnefnd.

Valgerður Eiríksdóttir talaði fyrir þingskjölum:

6.7 – 1.1 – Óbreytt úr nefnd – væri vísað til nýrrar nefndar sem færi með breytingar inn á nýtt þing

6.7 – 2.2 verði 6.7 – 2.1 – Breytt – bætt inn nýjum atriðum.

6.7 – 5.1 – Staða karla í kennarastétt til umræðu. Hvað laðar karla inn í skólana?

Misjafnt milli skóla hvort þar starfar hópur kara eða ekki.

Umræða:

Fulltr. nr. 155 – Um jafnréttis - vill breyta orðalagi

Vill útvíkka jafnréttisumræðuna – mannréttindamál.

Jafnréttisstefnur taka á sig víðari mynd – ekki bara karar/konur.

Virðing fyrir jafnrétti sé inni í skólanámskrám.

Fulltr. nr. 18 – Sammála um jafnrétti í víðara samhengi. Ótti karla við kvennastétt í kennslu – var áður karlar sem kenndu. Telur í lagi að í 300 ár tækju konur að sér uppeldi stráka og stelpna – friðvænlegra. Karlar ekki vera hræddir við konuna í ykkur.

Fulltr. nr. 99 – Breytingartillaga við þingskjal 6.7 – 5.1. – Orðalagsbreytingar.

Fulltr. nr. 52 – Ánægður með að sett sé jafnréttisstefna, en finnst oft skilgreiningar full þröngar. Ath. T.d. trúarbrögð – ekki mismuna þar heldur.

Fulltr. nr. 79 – Lýsir stuðningi við tillögu um að kanna stöðu karla. Vill þakka Gísla athyglisverða söguskýringu.

Fulltr. nr. 55 – Jafnrétti – ungur karl í kennslu – vill ekki að mismunað sé á grundvelli aldurs. Komið inn í stefnu FG að ekki sé mismunað vegna lífaldurs.

Fulltr. nr. 18 – Aldurstengdar launahækkanir voru aðferð til að hækka laun. Þarf að fara varlega í breytingar.

Fulltr. nr. 74 – Sammála að launaviðmið séu mv. starfsaldur ekki lífaldur

Fulltr. nr. 186 – Sammála að lífaldur eigi ekki að sjórna launum.

Fulltr. nr. 79 – Flutti fyrir 3 árum nánast samskonar tillögu um að lífaldur skipti ekki máli í launum. Sama misrétti að laun við lok skólagöngu séu háð lífaldri eins og mismunur milli kynjs. Bendir á að ef hér væri rætt ekki rætt um þetta ef um væri að ræða karl og konu. Að þremur árum liðnum – vill fá tillöguna í umræðu.

Fulltr. nr. 46 – Lífsreynsla hefur eitthvað að segja. Hefur unnið með fólki alla tíð. Þegar búið er að pressa laun niður – förum við að bíta í hvert annað. Þarf að lyfta öllum upp. Á byrjunarlaunum veinar maður. Vill ræða þetta út frá hvað menntun hefur að segja í launum okkar. Engin hvatning er fyrir því að bæta við sig menntun. Sögulega – þegar kenaramenntun var sett á háskólastig, kom engin umbun fyrir háskólamentun, vegna samræmingar eldra kerfis og nýs. Þurfum að gera kröfur um að fara í skóla á kostnað vinnuveitenda og fáum umbun fyrir. Ekki gott að fara upp í launum ef ekki er grundvöllur fyrir – en heldur launum niðri.

Fulltr. nr. 45 – Telur að flestir misskyldu skjalið frá í gær. Rétt – sömu laun fyrir þá sem útskrifast á sama tíma.

Fulltr. nr. 1 – Hugsaði til baka um þróun mála. Leggur áherslu á að þegar Kennarasamband Íslands var stofnað var lagt upp með að félagið væri sjálfstætt um hvernig samninga það gerði. Skirfuð var grein í blöðin þar sem útlistað var að laun væru hæst þegar þeir væru yngstir, en lækkuðu svo kerfisbundið.

Lífaldur – hvaða möguleika höfum við á að fá fólk aftur inn í skólana til kennslu.

Þá hét það starfsaldur/lífaldur/prófaldur. Átak til að ná konum sem verið höfðu heima að setja inn lífaldur og prófaldur. Tekið út aftur. FG hefur sett þetta inn í

sína skólastefnu. Getur breytt þetta fyrir sitt félag. Umpólun ef þing KÍ skipti sér af því hvernig félögin starfa. Hefur ekki á móti breytingum, en skoða þarf vel kosti þess og galla. Eins með kennsluskyldu. Á móti því að sú hugsun verði ofan á að mismunað sé eftir því hvenær kennarar ljúki prófum. Grunnurinn sé sá sami. Annars gæfum við upp bolta fyrir vinnuveitendur.

Gengið til atkvæða um þingskjöl:

6.7 – 1.1 – sammála

6.7 – 2.2 – sammála – 1 á móti

6.7 - 5.1 – Breytingartillaga Kanna – sammála

Kannað verði – sammála

Þingskjalið samþykkt með áorðinum breytingum – 1 á móti.

Niðurstöður úr kosningum varamanna í stjórn Orlofssjóðs.

210 voru á kjörskrá

163 greiddu atkvæði

3 seðlar auðir

4 seðlar ógildir

Atkvæði féllu þanni:

Sigurður Halldór Jesson FG, nr. 114

Eiríka Ólafsdóttir FG, nr. 102

Anna Jóna Guðmundsdóttir FF, 84

Aðrir fengu færri atkvæði.

Skoðast þessir því rétt kjörnir.

Að kosningu lokinni – gengið aftur til mála

Vinnuumhverfisnefnd.

Elín Ásgrímsdóttir talaði fyrir þingskjölum:

6.7 – 3.1 – Breytingar frá nefnd

6.7 – 4.1 – Óbreytt úr nefnd

7.1 – 2.1 - Óbreytt

7.2 – 2.1 – Óbreytt

6.7 – 6.1 – Ályktun um vinnuverd – Ný ályktun úr Vinnuumhverfisnefnd.

Umræða:

Fulltr. nr. 83 – Viðbót um öryggitrúnaðarmann bætt við vegna laga.
Rammalög gera ráð fyrir að fyllt sé út í þau með viðkomandi uppýsingum.
Tryggja stöðu kennara. Áreysi, einelti á að vera á borði öryggistrúnaðarmanns.
Fulltr. nr. 18 – Vinnuvernd. – Einn af stærri skólum framhaldsskólum
Reykjavíkur M.S var byggður fyrir yngri nemendur – Allir staðlar brostnir. Vill
bæta við þingskjal 6.7 – 6.1 að úttekt verði gerð á öllu skólahúsnaði landsins.
Ríkið geri bragarbót og endurbætur í framhaldi.
Fulltr. nr. 3 – Um breytingartill. 6.7 – 3.1. Sér ekki meinbugi á að bæta
öryggistrúnaðarmönnum þar inn. KÍ vill vera í meiri samskiptum um þessi mál.
Þetta getur verið hvati til skólanna að vinna skv. Vinnuumhverfislögum.
Um tillögu efst á 2. síðu. Vill vekja athygli á að um öryggistrúnaðarmenn er
fjallað í vinnuumhverfislöggjöfni. Sjá á til þess að öryggistrúnaðarmenn starfi í
stofnunum, réttur fjöldi m.v. fjölda starfsmanna. Vinnueftirlitið sinnir fræðslu
fyrir öryggisstrúnaðarmenn. Ef KÍ á að sinna líka öryggistrúnaðarmönnum, verða
stjórnendur og námsráðgjafar að taka þetta nær sér. Hafa áhrif á að
öryggistrúnaðarmenn komi úr hópi félagsmanna KÍ. Við höfum að öðrum kosti
ekkert um þetta að segja.
Á almennum vinnumarkaði er ýmiskonar starf á sínum vegum og á vinnustöðum
sem taka má til fyrirmyndar. Stéttarfélög þar hafa haft meiri afskipti að
vinnuverndarmálum. Verðum að gera okkur grein fyrir hvar við berum ábyrgð.
KÍ á ekki fulltrúa í Vinnueftirliti Ríkisins. Á 3. þingi KÍ var athugað með
innkomu KÍ – ekki hægt fyrir en lögum hefur verið breytt.
Um ályktun frá Vinnuumhverfisnefnd – þessi vinna fer ekki aðeins fram í
samvinnu við vinnuveitendur, ábyrgð stjórnenda er mikil.
Fulltr. nr. 170 – Leggur til að úr síðasta lið um innra starf 6.7 – 3.1 falli
öryggistrúnaðarmaður út.

Gengið til kosninga:

6.7 – 3.1 – samþykkt með áorðnum breytingum nefndarinnar.

6.7 – 4.1 – samþykkt – 2 á móti

7.2 – 2.1 – samþykkt

7.1 – 2.1 – samþykkt

6.7 – 6.1 – Viðbótartillaga um að ríki og sveitarfélög geri úttekt á öllu
skólahúsnaði á landinu af óháðum aðilum. – sammála – 7 á móti.

6.7 – 6.1 – samþykkt með áorðnum breytingum – 2 á móti.

Aðrar nefndir skila af sér (**Þingforsetar ákveða í hvaða röð.**)

Framsaga, umræður um nefndaálit og afgreiðsla mála

- | | |
|-----------------------|--------------------------|
| a) Laganefnd | f) Útgáfumál |
| b) Allsherjarnefnd | g) Fræðslu- og félagsmál |
| c) Fjárhagsnefnd | h) Orlofs- og ferðamál |
| d) Launa- og kjaramál | i) Jafnréttismál |
| e) Skólamál | j) Vinnuumhverfisnefnd |

Kl. 19.00 Kvöldverður - móttaka fyrir þingfulltrúa og gesti
***Kíwanishúsið við Engjateig, pinnamatur og drykkir ekki neinn hefðbundinn kvöldmatur**
Þingi frestað

Föstudagur 11. apríl

Kl. 09.00 Kosning varamanna í nefndir?
Nefndir skila af sér, framhald afgreiðslu mála

Kaffihlé – ótímasett

Kl. 12.00 Hádegisverður
Gengið áfram til dagskrár.

Fjárhagsnefnd.

Greidd atkvæði um reikninga

Umræða:

Fulltr. nr. 108 – Um ársreikn. Orlofssjóðs, bls. 8 – Vill skýringu við laun stjórnar Orlofssjóðs v. sérverkefna. Einnig við launakostnað v. Umsjónarmanna eigna.

Fulltr. nr. 55 – Óskar uppl. Um sömu atriði. Tveir aðilar fá 12 millj. – fá þeir sem stóðu í sérverkefnum svo há laun.

Fulltr. nr. 124 – Vinnur fyrir KÍ – há upphæð. Hann og fyrrverandi formaður Orlofssjóðs hafa sinnt þessari vinnu. Sjórnarlaun eru inni í laununum og í framkvæmdastjórn. Starfsemi Orlofssjóðs er ferðaskrifstofa og hótélrekenda. Síminn er alltaf í gangi. Mörg símtöl – bara í morgun v. Sjóðsins. Hefur ekki óskað eftir allri þessari vinnu, en ber ábyrgð. Þeir tóku að sér verkefnið vegna manneklu. Byggðu á síðasta tímabili 8 hús – mikil vinna v. Undirbúnings, eftirlits. Umsjónarmaður á Flúðum stjórnar ekki verkum. Voru í 15 daga að vinna við húsin við Flúðir. Formaður Orlofssjóðs er heima hjá honum með beint samband inn á KÍ. Sér um Ferðablaðið, heimasíðuna. – Unnið skv. Launataxta KÍ. E.t.v. rétt að athuga með þjónustusamning, en ýmis mál koma aldrei inn í slíkan samning.

Fulltr. nr. 108 – Velti fyrir sér hvaða laun væru í þessum launum. Stjórnarlausn eru ekki inni í þessum launum.

Fulltr. nr. 128 – Tilbúinn að lesa í gegn um reikningana. Telur formann Orlofssjóðs ekki eiga að sinna öllum verkefnum, heldur deila út verkum.

Fulltr. nr. 1 – Gerð var úttekt á öllum launum og þóknunum KÍ. Sent út í byrjun mars 2007. Öllum nefndum og ráðum gert að breyta sínum launum skv. nýju kerfi frá 1. ágúst 2007. Það á hvergi að vera neitt að fela. Öll laun sem fara á kennitölu, koma fram í einni tölu. Aðal málið er að ekki var samræmi í hlutunum. ParX-skýrslan benti á þetta – skýra stefnu og skýra. Reikningar 2008 eiga að endurspegla samræmingu.

Fulltr.nr. 124 – Öll laun eru inni – samtala úr mörgum liðum og stillt upp. Er ekki á föstum launum hjá KÍ. Tímavinna á kaupum. Varð formaður 15. nóv. 2007. Hefur leitað að fólki fyrir norðan og á Flúðum. Gengið brösuglega að manna og því leyst verkefni sjálfir.

Fulltr. nr. 18 – Sama umræða fór fram á þingi á 8. áratugnum. Það á að úthluta verkefnum til verktaka – ekki að vasast í þeim sjálfum.

Fulltr. nr. 72 – Tilbúinn til verkefna fyrir norðan.

Fulltr. nr. 45 – Á að bjóða út – ef það gengur ekki, athuga þá með aðra félagsmenn. Nauðsynlegt að sipta út.

Gunnlaugur sagði frá reynslu sinni af starfi kennarafélagsins. Breytist úr áhugamennsku í fagmennsku. Áður unnu formenn og stjórnarmenn í þeim verkum sem vinna þurfti. Sífelld er fleira fólk ráðið til vinnu – eðlilegt. Þó kjörnir fulltrúar seú í einhverjum störfum, er eðlilegt að fagfólk vinni í félögunum. Sitjum uppi með gamlar hefðir. Sífelld fleiri verkefni eru fengin í hendur annarra. Stjórn sjóðsins hefur unnið verkefni sem ákveðið hefur verið að sjórn vinni sjálf – ekki alltaf hagkvæmara að bjóða það út. E.t.v. hefði mátt vísa verkefnum annað á tíðum. Við erum í miðju ferli til breytinga.

Reikningar Félagssjóðs. – samþykkt – 1 á móti

Reikningar Vinnudeilusjóðs - samþykkt

Reikningar Sjúkrasjóðs – samþykkt

Reikningar Orlofssjóðs – samþykkt – 10 á móti.

Fjárhagsnefnd.

Kristín stefánsdóttir talaði fyrir þingskjöllum:

2 – 1.1 – Breyting: 1. jan. 2009

2 – 2.1 – Fjallar um sama efni og 2. -4.1. Lagði til að þingskjali sé hafnað.

2 – 3.1 – Óbreytt úr nefnd

2 – 4.1 – Óbreytt

2 – 6.1 – Óbreytt

6.6 – 3.1 – Nýtt skjal

Fjárhagsáætlun: Telja breytingar sem orðið hafi á þinginu, leggja til að áætlun verði óbreytt fyrir árið 2008

Umræða:

Fulltr. nr. 18 – Sammála, það á að fara vel með fjármál félagsins. Vill ekki lækkun í verkfallssjóð.

Fulltr. nr. 83 – Mikil þörf að fara í verklagsreglur skoðunarmanna. Breyting hefur orðið á hlutverki þeirra. Áður fóru þeir yfir fleira en reikninga, líka aðbúnað. Endurskoðendur gera það ekki í dag.

Fulltr. nr. 57 – Óskar uppl. Um því ekki var farið í 0,2 % en ekki í 0,25%. Telur ekki þörf lengur fyrir vinnudeilusjóð.

Fulltr. nr. 18 – Það er stöðugt sótt að líðræðinu og réttindum fólks.

Dómsmálaráðherra stendur fyrir stofnun hers. Byssum hafa verið beint að verkalið. Örstutt síðan berjast þurfti fyrir réttindum. Lífið er ekki bara kreditkort og hamborgarar. Menntamálaráðherra vill ná algjörum tókum á okkur.

Fulltr. nr. 52 – Telur sig ekki svo firrtan að þekkja ekki til verkaliðsbaráttunnar. Byrjaði á að brjóta lög. Lög á verkföll – hefur verið hlýtt. Verkfallsvopnið er ekki dautt. Auðvitað ættum við ekki að nota hann. Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða.

Fulltrúi nr. 194 – Svar við fyrirspurn um vinnudeilusjóðs. Töldum rétt að nýta varnagla í tillögunni að lækkun kæmi til ef ekki kæmi til verkfalla.

Fulltr. nr. 189 – Kennaraferillinn byrjaði á verkfalli tónlistarskólakennara.

Mikilvægt að hafa vopnið þó við ætlum ekki að nota það.

Fulltr. nr. 148 – Vinnudeilusjóður. E.t.v. ekki víst hvort samningar séu í höfn í árslok.

Fulltr. nr. 46 – Sjóðurinn gagnslaus – við og þjóðfélagið ekki tilbúin í að fara í verkföll.

Fulltr. nr. 74 – Byrjaði sem trúnaðarm haust 1974. Var honum erfitt að fá eldri kennara til að taka þátt í verkfalli – ekki bara sitja heima.

Fulltr. nr. 57 – Hefur svo mikla trú á sínu starfi að hann kemur í veg fyrir stríð með starfinu.

Fulltr. nr. 148 – Leikskólakennarar eru tilbúnir í verkfall ef á þarf að halda.

Gengið til atkvæðagreiðslu um þingskjöl:

2 – 1.1 (2 – 1.2) – samþykkt
2 – 3.1 – samþykkt
2 – 4.1 – Tillagan er felld með meirihluta atkvæða.
2 – 6.1 – samþykkt
6.6 – 3.1 – samþykkt – 1 á móti
Fjárhagsáætlun Kennarasambands Íslands – samþykkt – 2 á móti.

Afgreiðslu mála lokið.

Kjör formanns og varaformanns lýst.
Bragi Halldórsson, formaður Kjörstjórnar.
Hann skrifaði þingforseta bréf um kjör formanns og varaformanns, afgreitt í febrúar. Engin mótframboð komu fram.
Eiríkur Jónsson er því réttkjörinn formaður KÍ
Elna Katrín Jónsdóttir er réttkjörin varaformaður KÍ.

Önnur mál

Hannes Þorsteinsson

Ábendingar um að gera skoðunarkönnun meðal þingmanna um framgang þingsins sem hafa megi til hljóðsjónar árið 2011.

Þóruna Jónasdóttir.

Langar að biðja stjórn KÍ að leggja meiri áherslu á framboðsfresti. Kom fram í Skólavörðunni. Leggja áherslu á þetta við trúnaðarmenn svo það komi víðar fram. Undirbúningur að þinginu. Í lögum stendur að gögn skulu berast 3 vikum fyrir þing. Reikningar bárust ekki fyrir þennan frest. Númer þingmanna og nafnspjöld – sé skilið eftir svo nýta megi aftur á næsta þingi.

Lýsir ánægju með þingið. Góður andi – gott fólk. Var í laganefnd – líflégar og skemmtilegar umræður – þakkar umburðarlyndi.

Málstofurnar – full stuttur tími til að ræða málefni eftir að frummælendur höfðu lokið sínu máli.

Halldóra Guðmundsdóttir

Þakkar hressilegt þing. Leikskólakennari – situr í samninganefnd. Fáum sem 1. verkefni að undirbúa 1. maí. Stöndum saman og gerum okkur sýnileg.

Elías Þorbjörnsson

Orlofssjóður – minnir þá sem starfar fyrir okkur að starfa ekki beggja vegna borðsins. Lítur ekki vel út. Þakkar annars gott þing með góðu fólk.

Ásgeir Sigurvaldason

Er leikari – ekki í hlutverki. Umhugsun: Þorvaldur Gylfa tókst að fá okkur til að horfa á hlutina upp á nýtt. Jafna: Dauður fiskur og ál er það sama. Þykir þetta koma okkur við – ekki hægt að semja um leiðréttingu í bullandi þenslu. Þess vegna komumst við e.t.v. hvergi síðast. Ruðningsáhrif – er eðlilegt að hægt sé að koma með stóran fisk inn í hagkerfið í einu sveitarfélagi sem er í góðum málum. Eigum við að kingja því. Þensla er leiðrétting á okkar launum – ekki álver. Hefði vilja álykta frá þinginu: Að komið verði böndum á þa þensluvekjandi ástand sem álag er. ekki pláss fyrir .. í menntamálum, sem er nauðsynleg þjóðarinnar. Björt framtíð liggur í menntun ekki á áli...

Gísli Þór Sigurþórsson

Það er fyrir styrk genginnna manna að stétt heldur sitt þing í upplýstum og upphituðum sölum. Svo var ekki áður. Úrtöllumenn hafa alltaf verið til. Áskorun – Þingheimur gefi til kynna með því að rísta á fætur og klappa með áskorun til stjórnar KÍ að ef kemur til verkfalls í Bretlandi styðji KÍ við þá.

Dagskrá tæmd

Gunnlaugur þakkaði gott samstarf. Þakkaði starfsmönnum þingsins fyrir mjög góð vinnubrögð. Gefur Eiríki Jónssyni, ný endurkjörnum formanni orðið.

Eiríkur J' onsson

Þakkar traustið að fa' að vera í forsvari enn um sinn.
Ekki 1. þingið með höfuð ábyrgð – samt töluvert stressaður.
Með fjölda manns víðs vegar að af landinu – mikilvægt að allt sé vel skipulagt og gangi upp.
Fortíðin hefur verið gerð upp – mörkuð spor inn i framtíðina.
Margar tillögur og ályktanir hafa verið samþykktar
Spennadi að kom þeim í framkvæmd.
Stöndum vel fjárhagslega og getum látið gott af okkur leiða.
Stoltur að vera í forsvari fyrir þessi stóru samtök.
Blöndun okkar – erum ein sameinuð og sterk stétt.
Mikilvægt á svona þingi – tillögur lagðar fram, ræddar, fara í nefnd, afgreiddar
Þróun – nefndarstörf eru virt.
Niðurstöður hafa verið afgerandi.
Mikilvægt að vera með röggsama stjórnaednur á þingi sem þessu. Halda öllum böndum, með þó léttleika.
Málstofur – nýjung. Þurfum skoðanir manna um hvernig tókst til.
Ritarar í hverri málstofu – getum nýtt okkur þetta stefnumótun til framtíðar.

Stressandi að fá erlendan gest _____. Sendum bréf – fengum engin viðbrögð. Loks stuttu fyrir fund viðbrögð með tölvupósti þar sem verið var að leggja lokahönd á Íslandsferð. Vonar að við séum öll fróðari um marga hluti sem hann kom inn á. Jákvætt viðhorf til aukins sambands við önnur lönd.

Þorvaldur Gylfason tók strax vel í óskir um að koma með efni á þingið. Mikilvægt að fá fólk utan að. Þurfum að heyra það sem við erum ósammála um og sammála. Heyrði á í Svíþjóð hefur allt þetta verið reynt – allt gengur í hringi – veröldin er ekki svört og hvít.

Tillögugerð. Ef eitthvað er sagt er strax farið á máta menn við flokka. Vill geta sagt skoðun án þess að vera settur inn í stjórn málflokk.

Hugsið um: Verða einhverjir sem hugsi til þess, að sama dag og sett var heimsmet í vöxtum – voru felldir út í þinginu hömlur á okurvexti. Benti á samband vaxta og endurgreiðslu á lánum. Það skiptir máli hvað fer úr umslaginu eins og hvað kemur í launaumslagið. Vill geta mælt gegn því að hækka vexti án þess að tala á móti fjármálaráðherra hver svo sem hann er. Hvatti til umræðu um vaxtamál.

Næsta þing verður 2011. Er betra að aðalþing félaganna se´að vori, KÍ þing að hausti?

Framboðsfrestir. Ganga skal á undan með góðu fordæmi. Þetta er í síðasta sinn er hans síðasta kjörtímabil. Hefur ákveðið það fyrirlöngu. Þá er rétt að hugsa um hver tekur við. Það er breyting að fara úr kennslu/skólastörn í formennsku. Sá sem fer í þetta embætti verður að slíta sig frá sínu félagi. Skilaboð til næsta formanns.

Komið að lokum. Vill biðja starfsfólk KÍ að koma upp. Klappað fyrir góðu starfi.

Unnið mikið og gott starf. Stöðugur starfsmannahópur er styrkur félagsins.

4 stjórnarmenn gáfu ekki kost á sér áfram, ásta, Hanna, Ingibergur og Helga.

Kölluð upp og afhentar gjafakörfur frá KÍ sem þakklætisvottur.

Ingibergur tók ti máls. Var í eldra KÍ og því nýja KÍ. Ánægjulegur kafli í lífinu.

Ríkan af reynslu sinni hjá KÍ.

Eiríkur þakkaði öllum öðrum sem láta af störfum í nefndum og ráðum KÍ.

Lofar því einu að gera sitt besta,

Að setja hagsmuni félagsins og fólga í forgrunn

Þakkar þingfulltrúum fyrir mikið starf og gott samstarf.

Sleit 4. þingi KÍ.

Úrslit annarra kosninga

Nefndir skila af sér, framhald afgreiðslu mála

Kl. 14.30 Önnur mál

Kl. 15:00 Þingslit (**Eiríkur Jónsson – Hér þarf að afhenda fráfarandi stjórnarfólki kveðjugjöfina**)